



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðhorf foreldra til starfsemi frístundaheimila Reykjavíkurborgar 2021

Helstu niðurstöður

Könnun á viðhorfum foreldra sem eiga börn í frístundaheimilum borgarinnar var lögð fyrir í febrúar og mars 2021. Alls fengu foreldrar 3.508 barna almennu könnunina senda, 2.647 svör bárust og var svarhlutfallið því 75,5%.

Á heildina litið eru foreldrar ánægðari og jákvæðari með starfsemi frístundaheimilanna en fyrir tveimur árum þegar síðasta könnun var gerð.

Ríflega 94% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í frístundaheimilinu* frá tæpum 93% í síðustu könnun, 89% eru sammála því að börnunum finnist skemmtilegt í frístundaheimilinu frá tæplega 86% 2019 og 86% að viðfangsefni frístundaheimilisins séu áhugaverð miðað við 84% í síðustu könnun. Um 90% eru sammála því að starfsfólk sýni barninu umhyggju og hlýju frá 89% fyrir tveimur árum.

Hlutfall foreldra sem telja að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti hefur aukist úr 8,4% í 9,3%. Flestum börnum sem foreldrar segja að hafi orðið fyrir einelti virðist þó líða vel í frístundaheimilinu (80% sammála, 11% hvorki né og 8% ósammála). Bætt verður við skilgreiningu á einelti við næstu fyrirlögn til þess að foreldrar átti sig á að einelti er þegar atvik eru síendurtekin en það er ekki óalgengt í félagsþroska barna á þessum aldri að upp komi tímabundinn vandi í samskiptum og eru þau að hluta til að læra þau samskipti í starfinu. Eitt barn sem lendir í einelti og líður illa er þó of mikið og því munu frístundaheimili þar sem greinist einelti bregðast við.

Upplýsingaflæði um líðan og hegðun barnanna og samskipti við foreldra fór ekki varhluta af Covid-19 ástandinu og foreldrar nefndu það oft í opnum svörum að þeir ættu erfitt með að svara sumum spurningunum sökum þess hversu lítið þeir hefðu viðkomu í frístundaheimilunum.

Foreldrar merkja síst við að þeir séu ánægðir með gjaldskrána en þeim sem eru óánægðir í ár fækkar engu að síður niður í 10% frá 10,7% árið 2019 og 16,5% 2017.

Þeir þættir sem foreldrar eru óánægðastir með er möguleiki barnanna á að komast í ró og næði, húsnaði frístundaheimilanna og leikaðstaðan utandyra. Svörin eru þó talsvert misjöfn eftir

frístundaheimilum. Ánægjan með þessa þætti jókst frá 2019 en 69% eru ánægðir með húsnæði frístundaheimilisins árið 2021 miðað við 64% árið 2019 og tæp 63% eru sammála því að barnið hafi möguleika á því að komast í ró og næði sem er aukning frá 61,6% árið 2019.

Miklu máli skiptir fyrir foreldra að hafa frístundaheimilið opið á foreldra- og starfsdögum í grunnskólanum en rúmlega 73% svara því til. Færri eða tæplega 45% svaraði því til að það skipti miklu máli að frístundaheimilið væri opið í jóla- og páskafríum.

Tæp 59% barnanna sækja íþróttir á starfstíma frístundaheimilisins, 91% segja að samræmingin við annað íþrótt- og tómstundastarf gangi vel. Þetta eru álíka niðurstöður og í síðustu könnun.

Í heildina litið eru foreldrar ánægðir en 92% eru sammála því að þeir séu almennt ánægðir með frístundaheimilið sem er hækkun úr 90% árið 2019 og 87% árið 2017. Í ár var í fyrsta skipti spurt um stjórnun frístundaheimilisins en um 89% foreldra eru sammála því að frístundaheimilinu sé vel stjórnað.

Heildarniðurstöður yfir öll frístundaheimilin má má sjá í fylgiskjöllum.

Helstu niðurstöður á viðhorfum foreldra í sértækum félagsmiðstöðvum og Guluhlíð.

Foreldra barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð fengu sömu könnun senda en örlítið aðlagða að aðstæðum þeirra barna. Alls fengu foreldrar 145 barna könnunina senda og var svörun þar 70%. Heilt yfir hafa ekki orðið miklar breytingar frá fyrri könnun og foreldrar almennt ánægðir með starfið (93,5%), rétt eins og í frístundaheimilinum segja 94% forelda að börnunum þeirra líði vel í starfinu. Mest aukning hefur verið í ánægju með húsnæði og leikaðstöðu undandyra en mesta lækkunin er í ánægju með síðdegishressinguna og gjaldskrá félagsmiðstöðvarinnar en hlutfall þeirra sem voru óánægðir með hana er 11,3% samanborið við 7,1% árið 2019.

Heildarniðurstöður fyrir sértæku félagsmiðstöðvarnar og frístundaheimilið Guluhlíð má sjá í fylgiskjöllum.

Nánar um framkvæmd viðhorfskönnunarinnar

Annað hvert ár eru könnuð viðhorf foreldra til starfsemi þess frístundaheimils sem barn þess sækir.

Vísar rannsóknir ehf. sá um gagnaöflunina og fór hún fram dagana 4. febrúar - 4. mars. Fyrst var könnunin send á annað foreldrið en ef það hafði ekki svarað eftir ítrekanir í tölvupósti og sms þá var hún send á annað skráð foreldri. Hending réð hvort foreldrið fékk könnunina senda fyrst. Ekki var spurt um fleiri en eitt barn á hverju heimili.

Úrvinnsla niðurstaðna fór fram í smáforriti í Qlik sense. Forstöðumenn frístundaheimilanna fá smáforrit þar sem þeir geta skoðað niðurstöður síns frístundaheimilis í samanburði við Reykjavík í heild, borgarhlutana fimm eða breytingu frá tveimur undanförunum árum. Niðurstöður sértæku félagsmiðstöðvanna og Guluhlíðar voru birtar í smáforriti í Qlik sense. Frístundaheimilin geta skoðað niðurstöður niður á kyn, tungumál og árganga ef að lágmarki fimm standa að baki svari tiltekins hóps. Svör koma út á grænu ef meðalstig þeirra er fjórir eða hærra, þau koma út á gulu ef stigin eru frá þremur upp í fjóra og á rauðu ef þau eru lægri en þrjú. Þessi litakvarði er sá sami og notaður er í viðhorfskönnun starfsfólks og því þekkja stjórnendur hann.

Viðbrögð og nýting á vettvangi

Stjórnendur frístundamiðstöðva og forstöðumenn frístundaheimila fá niðurstöður könnunar sendar og vinna umbótaáætlun um það sem betur má fara sem hríslast inn í starfsáætlun og framkvæmdaáætlun frístundaheimila og frístundamiðstöðva fyrir komandi starfsár. Forstöðumenn frístundaheimila kynna niðurstöður fyrir sínum starfshópi og nýta í áherslur og umbætur næsta vetur.

Skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu fundar að vori með stjórnendateymi hvernar frístundamiðstöðvar þar sem farið er yfir niðurstöður könnunarinnar auk niðurstöðu viðhorfskönnunar meðal starfsmanna og áherslur lagðar fyrir komandi starfsáætlun frístundamiðstöðvar.

Starfseining

Ár

Kyn

Árgangur

- Samanburður
- Reykjavík heild
 - Fyrri könnun
 - Ársel
 - Gufunesbær
 - Kringlumýri
 - Miðberg
 - Tjörnin

Fjöldi svara
2.649

Niðurstöður eiga við

Starfseining: Allar frístundamiðstöðvar, Öll frístundaheimili

Árgangur: Allir árgangar

Kyn barns: Bæði kyn

Samanburður: Fyrri könnun

Ár: 2021

Barninu líður vel

4,46 4,43
Samanburður

Viðmót starfsfólks



4,42 4,41
Samanburður

Jákvæð félagsleg áhrif

4,41 4,36
Samanburður

Barnið er öruggt

4,41 4,32
Samanburður





Ánægja með frístundaheimilið

4,42 4,34
Samanburður

Hlutfall sem hefur orðið fyrir einelti

9,3% 8,4%
Fyrri könnun



Spurningar er varða líðan barnanna og starfsemi frístundaheimilisins 2021

Hlutföll

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðinum?

	Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála - Stelpur	Hlutfall sammála - Strákar	Hlutfall sammála 2019
Allar matsspurningar						
Áhersla er lögð á að efla sjálfstraust barnsins	69,6%	23,3%	7,1%	71,9%	67,5%	-
Barnið er öruggt	92,0%	5,5%	2,5%	94,3%	89,8%	89,4%
Barnið hefur aðgang að fjölbreyttum og skapandi efnivið	87,2%	9,0%	3,8%	89,1%	85,2%	-
Barnið hefur fengið tækifæri til að búa til verk/verkefni frá grunni	74,6%	15,7%	9,6%	78,5%	70,0%	-
Barnið kynnist fjölbreyttum viðfangsefnum	81,3%	14,4%	4,3%	83,6%	78,9%	80,5%
Barninu finnst skemmtilegt	88,7%	7,2%	4,1%	91,5%	86,0%	85,7%
Barninu líður vel	94,3%	3,5%	2,2%	95,7%	92,9%	92,6%
Ég er almennt ánægð(ur) með frístundaheimilið	92,3%	4,9%	2,8%	94,9%	89,7%	89,9%
Frístundaheimilinu er vel stjórnað	88,9%	7,3%	3,9%	90,4%	87,3%	-
Jákvæð félagsleg áhrif	91,5%	6,6%	1,8%	93,0%	90,1%	88,9%
Möguleiki á ró og næði	62,8%	22,0%	15,2%	62,7%	62,7%	61,6%
Starfsfólkið sýnir barninu umhyggju	89,7%	8,1%	2,2%	91,5%	87,8%	89,1%
Viðfangsefni áhugaverð	86,0%	10,3%	3,8%	86,9%	85,0%	84,0%

Þeim spurningum sem vantar svör fyrir 2019 var bætt við árið 2021

Spurningar er varða ánægju með viðmót starfsfólks og aðstöðu í frístundaheimilum 2021

Hlutföll

Hversu ánægður eða óánægður ertu með eftirfarandi:

Allar matsspurningar	Hlutfall ánægðir	Hlutfall hvorki né	Hlutfall óánægðir	Hlutfall ánægðir - Stelpur	Hlutfall ánægðir - Strákar	Hlutfall ánægðir 2019
Eftirlit með barninu	82,9%	10,4%	6,6%	84,0%	81,8%	79,8%
Gjaldskrá frístundaheimila	56,5%	33,5%	10,0%	55,8%	57,2%	55,4%
Húsnæði frístundaheimilisins	68,8%	18,8%	12,4%	68,0%	69,8%	64,3%
Leikaðstöðu innandyra	80,8%	13,2%	6,0%	80,9%	80,8%	78,6%
Leikaðstöðu utandyra	75,4%	13,1%	11,5%	75,5%	75,5%	72,3%
Samskipti um líðan og hegðun barnsins	82,8%	13,6%	3,6%	82,8%	82,8%	85,3%
Síðdegishressingu	72,7%	18,5%	8,8%	72,9%	72,5%	75,8%
Viðbrögð við vandamálum	83,3%	11,4%	5,3%	83,2%	83,4%	83,1%
Viðmót starfsfólks í samskiptum við barnið	92,4%	6,2%	1,4%	94,5%	90,3%	92,6%
Viðmót starfsfólks í samskiptum við foreldra	91,0%	7,2%	1,8%	91,1%	90,9%	-

Þeim spurningum sem vantar svör fyrir 2019 var bætt við árið 2021

Spurningar er varða líðan barnanna og starfsemi sértæku félagsmiðstöðvanna og frístundaheimilsins Guluhlíðar 2021 - *Hlutföll*

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðinum?

Allar matsspurningar	Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála - Stelpur	Hlutfall sammála - Strákar	Hlutfall sammála 2019	Hlutfall sammála í Reykjavík
Áhersla er lögð á að efla sjálfstraust barnsins	88,4%	8,4%	3,2%	93,9%	85,2%	-	88,4%
Barnið er öruggt	94,4%	2,8%	2,8%	94,3%	94,3%	93,2%	94,4%
Barnið hefur aðgang að fjölbreyttum og skapandi efniviði	91,4%	8,6%	0,0%	89,3%	92,1%	-	91,4%
Barnið hefur fengið tækifæri til að búa til verk/verkefni frá grunni	62,7%	29,3%	8,0%	76,9%	54,2%	-	62,7%
Barnið kynnist fjölbreyttum viðfangsefnum	83,7%	15,4%	1,0%	85,7%	82,1%	85,5%	83,7%
Barninu finnst skemmtilegt	90,6%	7,5%	1,9%	97,1%	88,4%	88,9%	90,6%
Barninu líður vel	94,4%	3,7%	1,9%	97,1%	92,9%	96,7%	94,4%
Ég er almennt ánægð(ur) með félagsmiðstöðina	93,5%	2,8%	3,7%	91,4%	94,3%	93,3%	93,5%
Frístundaheimilinu er vel stjórnað	89,5%	6,7%	3,8%	91,4%	88,2%	-	89,5%

Spurningar er varða ánægju með viðmót starfsfólks og aðstöðu í sértækum félagsmiðstöðum og frístundaheimilinu Guluhlíð 2021 *Hlutföll*

Hversu ánægður eða óánægður ertu með eftirfarandi:

Allar matsspurningar	Hlutfall ánægðir	Hlutfall hvorki né	Hlutfall óánægðir	Hlutfall ánægðir - Stelpur	Hlutfall ánægðir - Strákar	Hlutfall ánægðir 2019	Hlutfall ánægðir í Reykjavík
Eftirlit með barninu	88,9%	8,1%	3,0%	93,8%	86,2%	92,6%	90,8%
Gjaldskrá félagsmiðstöðvar	56,1%	32,7%	11,2%	54,8%	56,9%	57,5%	56,9%
Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar	87,8%	10,2%	2,0%	96,9%	82,8%	73,5%	80,1%
Leikaðstöðu innandyra	89,5%	9,5%	1,1%	93,5%	87,3%	87,4%	88,3%
Leikaðstöðu utandyra	79,2%	14,6%	6,3%	90,6%	73,0%	62,5%	70,5%
Samskipti um líðan og hegðun barnsins	87,1%	9,9%	3,0%	87,9%	86,4%	88,5%	87,9%
Síðdegishressingu	67,8%	28,7%	3,4%	73,1%	65,0%	80,4%	74,6%
Viðbrögð við vandamálum	88,5%	9,4%	2,1%	96,9%	83,9%	92,3%	90,5%
Viðmót starfsfólks í samskiptum við barnið	93,1%	5,9%	1,0%	90,9%	93,9%	95,7%	94,4%
Viðmót starfsfólks í samskiptum við foreldra	93,2%	5,8%	1,0%	97,1%	91,0%	-	93,2%